

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20).

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013, frá 15. júlí 2013, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og örðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekina alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20).

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (ESB) nr. 1255/2012 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 56/2013, 10. október 2013 bls. 1135.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2013 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðureikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. október 2013.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Harpa Theodórsdóttir.

Fylgiskjal.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2013**

frá 15. júlí 2013

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 10, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011) (¹).
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20) (²).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1256/2012 frá 13. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 32 (³).
- 4) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32012 R 1254:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 (Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 1),
- **32012 R 1255:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1255/2012 frá 11. desember 2012 (Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78),
- **32012 R 1256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1256/2012 frá 13. desember 2012 (Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 145).“

(¹) Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 1.

(²) Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 78.

(³) Stjórið. ESB L 360, 29.12.2012, bls. 145.

Nr. 941

23. október 2013

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1254/2012, (ESB) nr. 1255/2012 og (ESB) nr. 1256/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pórir Ibsen
formaður.

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2013

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.